

BORGARRÁÐ 1.6.'17: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að strax verði gripið til úrbóta í húsnæðismálum Melaskóla - R17060018

Lagt er til að þegar í stað verði gripið til úrbóta vegna bráðavanda í húsnæðismálum Melaskóla. Ráðast þarf í aðkallandi viðhaldsframkvæmdir í skólanum í sumar, t.d. málun innanhúss og gólfviðgerðir. Þá þarf að leita allra leiða til að tryggja skólanum viðbótarhúsnæði fyrir skólabyrjun í haust, t.d. með því að bæta tveimur færanlegum kennslustofum við á skólalóðina og/eða skoða leigu á rýmum í nágrenni skólans sem nefnd hafa verið í þessu sambandi. Umrætt viðbótarhúsnæði yrði tímabundin bráðabirgðalausn þar til viðbygging myndi leysa vandann til framtíðar.

BORGARRÁÐ 8. júní 2017: Bókun borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um tillögu um að strax verði gripið til úrbóta í húsnæðismálum Melaskóla - R17060018

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins áréttu þá skoðun sína að mikilvægt sé að grípa sem fyrst til úrbóta í húsnæðismálum Melaskóla. Ljóst er að þær sjálfsögðu viðhaldsframkvæmdir sem unnið verður að í skólanum í sumar, t.d. málning veggja og gólfbón, duga ekki til að leysa þann bráðavanda sem við er að etja. Margt mælir með því að þessi vandi verði helst leystur með því að bæta við tveimur færanlegum kennslustofum og/eða skoða leigu á rýmum í nágrenni skólans sem nefnd hafa verið í þessu sambandi. Umrætt viðbótarhúsnæði yrði tímabundin bráðabirgðalausn þar til viðbygging leysir vandann til framtíðar. Vel þarf að standa að verki ef leysa á vandann fyrir skólabyrjun í haust og það veldur því vonbrigðum að fulltrúar borgarstjórnarmeirihlutans skuli ítrekað fresta afgreiðslu málsins. Óska fulltrúar Sjálfstæðisflokksins eftir því að málinu verði ekki frestað frekar.



Borgarráð

Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að strax verði gripið til úrbóta í húsnæðismálum Melaskóla - R17060018

Á fundi borgarráðs 1. júní sl. var lögð fram eftirfarandi tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins -R17060018:

"Lagt er til að þegar í stað verði gripið til úrbóta vegna bráðavanda í húsnæðismálum Melaskóla. Ráðast þarf í aðkallandi viðhaldsframkvæmdir í skólanum í sumar, t.d. málun innanhúss og gólfviðgerðir. Þá þarf að leita allra leiða til að tryggja skólanum viðbótarhúsnæði fyrir skólabyrjun í haust, t.d. með því að bæta tveimur færanlegum kennslustofum við á skólalóðina og/eða skoða leigu á rýmum í nágrenni skólans sem nefnd hafa verið í þessu sambandi. Umrætt viðbótarhúsnæði yrði tímabundin bráðabirgðalausn þar til viðbygging myndi leysa vandann til framtíðar."

Svar:

Samkvæmt bréfi skólastjóra er ekki þörf á viðbótarhúsnæði í haust ef ráðist verður í ákveðnar framkvæmdir varðandi viðhald, breytingar og búnað samkvæmt lista frá skólastjórnendum.

Á áætlun 2017 er málning á matsal og verið er að gera áætlanir um aðrar aðgerðir á listanum til að hægt verði að framkvæma þau í sumar. Þær aðgerðir eru:

- Kaffistofu verður flutt aftur í Kringlu og eldhús endurgert og fært í fyrra horf, eldri húsgögn flutt á kaffistofuna. Unnið verður í samráði við skólastjórnendur til að tryggja gott aðgengi og flæði.
- Núverandi kaffistofa breytist í textílstofu að hálfu og þarf að koma fyrir hurðarlokun á milli stofanna.
- Unnið er að því að koma fyrir opnanlegum glugga á testofu til að bæta loftræsingu.
- Skoða verður hvort hægt sé að koma fyrir rennihurð til að loka af kennslugögn á náttúrufræðistofu.

Auk þessa verður búnaður bættur, gólf bónuð og bætt og aukið við málningu innanhúss í samræmið við óskir skólastjórnenda.

A handwritten signature in black ink, reading 'Ámundi Brynjólfsson', followed by a horizontal line.

Ámundi Brynjólfsson
skrifstofustjóri framkvæmda og viðhalds



Reykjavík, 19. maí 2017

SFS2016120002

119. fundur / forskj. 6.1

HG

Minnisblað

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Varðandi aðbúnað nemenda Melaskóla

Á 113. fundi skóla- og frístundaráðs þann 8. febrúar 2017 var samþykkt svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúa Pírata:

Skóla- og frístundaráð felur sviðsstjóra að greina og móta tillögur um hvernig megi bæta aðbúnað nemenda Melaskóla þar á meðal með breyttri nýtingu húsnæðis og aðstöðu og breyttu fyrirkomulagi á inntöku nýrra nemenda. Við tillögugerðina verði haft samráð við umhverfis- og skipulagssvið (USK), skrifstofu eigna- og atvinnuþróunar (SEA), skólastjóra og skólaráð Melaskóla. Tillögunum verði skilað eigi síðar en 15. mars 2017.

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs sendi umhverfis- og skipulagssviðið erindi þann 13. desember 2016 þar sem vakin var athygli á aðstæðum í Melaskóla. Þann 21. desember 2016 var fyrsta vettvangsferð fulltrúa skóla- og frístundasviðs, umhverfis- og skipulagssviðs og fulltrúa Melaskóla þar sem farið var yfir mögulegar breytingar á húsnæðinu.

Í byrjun janúar sl. voru breytt hverfamörk grunnskóla í Vesturbæ kynnt. Breyting á skólahverfi Melaskóla mun ekki leysa vanda skólans miðað við núverandi húsakost og að auki væntanlega skapa vanda í húsnæði Grandaskóla. Búið er að herða verulega reglur um skráningu nemenda í skólann sem búa utan skólahverfis og er í dag öllum slíkum umsóknum hafnað þar sem ekki er hægt að verða við þeim sökum stöðu húsnæðismála.

Frá janúar til maí 2017 hefur verið unnið að því að móta tillögur til lausnar bráðavanda annars vegar og jafnframt unnið að framtíðarlausn. Eftirfarandi atriði hafa m.a. verið til umfjöllunar:

Aðstaða frístundaheimilisins verði nýtt fyrir skólann og frístundaheimilinu fundinn annar samanstaður. Þessari hugmynd var hafnað því svo mörg börn eru í frístundaheimilinu og afar mikilvægt að samnýting og samstarf skólans haldist.

Bæta við fleiri færanlegum kennslustofum á skólalóðina. Fallið var frá þessari hugmynd því það myndi þrengja of mikið að nemendum.

Nýta íþróttahús skólans sem mótuneyti og matsal og færa allt íþróttastarf yfir í íþróttahús Hagaskóla. Fallið var frá þessari hugmynd þar sem að það hefði haft þær afleiðingar að ekki

hefði verið hægt að sinna lögboðinni íþróttakennslu Hagaskólanemenda í íþróttahúsinu. Auk þess hefði mikilvægt athafnarými frístundaheimilisins glatast.

Nýta Vesturgarð sem kennsluhúsnæði fyrir einn árgang eða frístundaheimili. Fallið var frá þeirri hugmynd þar sem það hefði kostað miklar breytingar á húsinu og mikilvæg tengsl nemenda og starfsfólks við skólann glatast. Ekki þótti heldur ganga upp að færa frístundaheimilið þar sem að þá hefði ekki orðið að samnýtingu á húsnæði og skólalóð Melaskóla.

Nýta skátaheimili Ægisbúa í íþróttahúsi Hagaskóla sem kennsluhúsnæði fyrir einn árgang eða frístund. Fallið var frá þeirri hugmynd þar sem að það hefði kostað miklar endurbætur á húsinu og mikilvæg tengsl nemenda og starfsfólks við skólann glatast. Ekki þótti heldur ganga upp að færa frístundaheimilið þar sem að þá hefði minnkað samnýting á húsnæði og skólalóð Melaskóla.

Niðurstaðan varðandi bráðavanda er sú að fara í tilteknar endurbætur og viðhald á núverandi húsnæði og er það gert að beiðni skólans. Stjórnendur vilja ekki skipta upp nemenda- og starfsmannahópnum og eru frekar tilbúnir að búa við þröngan kost gegn því að farið verði í tilteknar aðgerðir.

Niðurstaða varðandi framtíðarskipan er sú að stækka viðbyggingu og fara í nauðsynlegar endurbætur á eldra húsnæði skólans með aðgengi fyrir alla. Um leið verður gert ráð fyrir frístundaheimili í húsnæði skólans. Um leið var frestað endurhönnun og endurbótum skólalóðar þar til að hönnun viðbótarhúsnæðis væri lokið.

Hefur sviðið sett fram þessa tillögu í fjárfestingaráætlun borgarinnar.